

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi á árinu 1992.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. stafl. c í 3. gr. samþykktar nr. 257/1988 um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal vera kr. 7 700,00 á árinu 1992 með gjalddaga 1. mars.

Gjaldið skal greiðast fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga sem er 1. apríl.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Við handsömun hunda skv. 2. gr. samþykktar nr. 257/1988, skal hlutaðeigandi greiða allan kostnað sem af því leiðir.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. febrúar 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

Nr. 95

2. mars 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl., nr. 307 15. júní 1988.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Í samningi milli félagsins og váttryggingartaka má áskilja að váttryggingartaki skuli að öllu leyti eða að hluta bera áhættu á tjónsatburðum sem falla undir váttrygginguna, en slík ákvæði hafa engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Má þannig áskilja að eigin áhætta váttryggingartaka vegna hvers tjónsatburðar skuli vera tiltekin fjárhæð, allt að 70 000 krónur fyrir váttryggingartaka sem einstakling og 150 000 krónur fyrir váttryggingartaka með rekstur, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu, enda hafi félagið samþykkt skriflega beiðni váttryggingartaka um hámark eigin áhættu. Váttryggingarfélaginu er heimilt að setja ákvæði þess efnis í iðgjaldagrundvöll, að ef nánar tiltekin skilyrði eru uppfyllt þá skuli váttryggingartaki bera eigin áhættu allt að 25 000 krónur. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Tryggingaæftirlitsins, breytt fjárhæðum þessum árlega í samræmi við verðlagsbreytingar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.